

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð 698, 9. ágúst 2012, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2012/2013, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðast svo:

Á tímabilinu frá og með 1. september 2012 til og með 31. ágúst 2013 er leyfilegur heildaraflí í eftirfarandi tegundum sem hér segir:

	Lestir	Skerðing skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (2,8%)	Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar
1. Hörpudiskur	0		
2. Innfjarðarækja	850		
þ.a. Ísafjarðardjúp	0		
þ.a. Arnarfjörður	450	12,6	437,4
Breiðafjörður, norðurfirðir	0		
Húnaflói	0		
Skagafjörður	0		
Skjálfaflói	400	11,2	388,8
Öxarfjörður	0		
Eldeyjarsvæði	0		

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 3. gr. kemur ný mgr. sem orðast svo:

Veiðitímabil innfjarðarækju stendur frá og með 23. október 2012 til og með 30. apríl 2013. Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að breyta veiðitíma á ákveðnum veiðisvæðum innfjarðarækju, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar.

3. gr.

Reglugerð þessi, er sett skv. ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 19. október 2012.

F. h. r.

Jóhann Guðmundsson.

Arnór Snæbjörnsson.